

**Ed. 106. Frumvarp til laga [104. mál]**

um breytingu á lögum nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Flm.: Egill Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er að treysta búsetu og vinna gegn röskun byggðar í sveitum landsins. Verkefni, er lúta að þessu markmiði, hafi forgang um veitingu fjár úr sjóðnum.

Heimilt er að veita styrki og lán í þeim tilgangi að

- 1) efla hvers konar viðleitni er leiði til hagræðingar og aukinnar framleiðni í landbúnaði,
- 2) auðvelda samræmdar aðgerðir til að draga úr framleiðslu- og dreifingarkostnaði búvara,
- 3) auðvelda landbúnaðinum að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður utanlands og innan,
- 4) efla nýjar búgreinar, hlunnindi og önnur þau verkefni er stuðla að fjölbættari atvinnu í sveitum landsins.

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Framleiðnisjóðs skipa 5 menn er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands tilnefna hvort um sig tvo menn í stjórnina, en landbúnaðarráðherra skipar einn mann án tilnefningar, sem jafnframt er formaður.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verkefni stjórnar Framleiðnisjóðs eru að

- a) veita lán eða styrki úr sjóðnum,
- b) gera áætlun um verkefni sjóðsins til þriggja ára í senn og greinargerð um árleg störf og reikningsskil sjóðsins,
- c) láta landbúnaðarráðherra í té um hver áramót skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum.

Heimilt er stjórn Framleiðnisjóðs að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera í þeim málum.

#### 4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Tekjur Framleiðnisjóðs skulu vera:

1. Fast framlag á fjárlögum er nemi 750 000 kr. er hækki árlega með hliðsjón af verðlagi.
2. Gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins sem hér segir:
  - a)  $\frac{1}{4}\%$  á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu,
  - b)  $\frac{1}{2}\%$  á annað sem gjaldskylt er.Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.
3. Framlag úr ríkissjóði sem nemur tvöföldu gjaldi, skv. 2. tl.
4. Aðrar tekjur.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 13 24. mars 1971 og lög nr. 77 3. maí 1972.

#### Greinargerð.

17. desember árið 1966 voru lög um Framleiðnisjóð lögfest á Alþingi.

Samkvæmt lögnum var Framleiðnisjóðnum fengið allvíðtækt vald, þótt aðalhlutverk sjóðsins væri hins vegar og sé raunar að skipta því fjármagni milli vinnslustöðva í landbúnaði sem samkvæmt fjárlögum hverju sinni er veitt til Framleiðnisjóðsins.

Þegar jarðræktarlögnum var breytt árið 1979 með það í huga að efla nýjar búgreinar og önnur þau verkefni í sveitum landsins, er byggðinni væri styrkur að, var Framleiðnisjóðnum falið að sjá um úthlutun þess fjár sem samkvæmt framangreindum breytingum í jarðræktarlögnum átti að verja til nýrra viðfangsefna í landbúnaði.

Íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir miklum vanda, þar sem sölutregðu gætir á hefðbundnum búvörum á erlendum mörkuðum. Búnaðarþing og raunar fleiri samtök í landbúnaði hafa bent á nauðsyn þess að gera skipulegt átak til uppbyggingar og eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði og að forsenda þess, að slíkt geti tekist, sé að fá þar til forustu ákveðinn aðila.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er leitað nýrra leiða til stuðnings við landbúnaðinn. Allt til síðustu ára hefur með breytingum á landbúnaðarlöggjöfinni verið leitast við að ná fram stuðningi við þau viðfangsefni sem hverju sinni hafa verið talin mikilvægust til styrkingar byggð í sveitum landsins. Sú löggjöf, sem hér um ræðir, er einkum jarðræktarlögin, búfjárræktarlögin og lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Það er sameiginlegt með allri þessari löggjöf, að heimild til stuðnings við hin ýmsu viðfangsefni er ærið bundin og ekki fyrir hendi nauðsynlegt svigrúm til að færa fjármagn til sumra þeirra viðfangsefna sem brýnust eru á hverjum tíma.

Með frumvarpinu er hins vegar leitast við að skapa aukið svigrúm til að takast á við ný viðfangsefni eins og aðstæður kunna að leyfa hverju sinni.

Frumvarpið hefur einkum að markmiði:

1. Verksvið Framleiðnisjóðs er nákvæmar skilgreint og áhersla lögð á forustuhlutverk sjóðsins varðandi uppbyggingu nýrra viðfangsefna í landbúnaði.
2. Stjórn sjóðsins er að verulegu leyti færð til bændasamtakanna sjálfra og þannig tryggt að sú þekking og reynsla, sem þar er til staðar, nýtist, um leið og markviss forusta bændasamtakanna hlýtur að leiða til skjótari árangurs.
3. Framleiðnisjóðnum eru fengnir ákveðnir tekjustofnar og hann eflur frá því sem áður var.

Við ákvörðun á tekjum til Framleiðnisjóðsins er haft til hliðsjónar framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983, gjöld á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins gegn tvöföldu framlagi. Við ákvörðun þess gjalds er haft til hliðsjónar það fjármagn sem hefði átt að færa til nýrra viðfangsefna í landbúnaði á grundvelli þeirra breytinga sem gerðar voru á jarðræktarlögum árið 1979. Sjá nánar töflu I.

Í töflu II er gerð grein fyrir tekjum Framleiðnisjóðs eins og þær yrðu samkvæmt frumvarpinu. Til enn frekari skýringa vísast til frumvarps til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins og frumvarps til laga um breytingar á jarðræktarlögum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi.

**Tafla I.**

**Hlutfall milli framleiðendagjalds og óskerts sparnaðarfjár samkv. jarðalögum frá 1979.**

Ár	Framleiðendagjald frá bændum samkv. frumvarpinu	Framlög, sem hefðu átt að fara til sérstakra viðfangsefna samkv. jarðræktarlögum frá 1979		Hlutfall
1980	2.43 millj. kr.	4.81 millj. kr.		1:2.0
1981	3.59 millj. kr.	8.32 millj. kr.		1:2.3
1982	5.50 millj. kr.	8.70 millj. kr.		1:1.6

Þriggja ára hlutfall hefur verið 1:1.97.

**Tafla II.**

**Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.**

samkvæmt frumvarpi 1980—1983, eins og þær hefðu orðið og áætlun fyrir 1982 og 1983.

	1980	1981	1982	1983
Framleiðendagjald frá bændum	2 425 434	3 587 889	5 500 000	8 180 000
Mótframlag frá ríkissjóði	4 850 868	7 175 779	11 000 000	16 360 000
Fast framlag	330 000	500 000	750 000	1 125 000
Alls	7 606 302	11 263 668	17 250 000	25 665 000

## Fylgiskjal.

### Yfirlit yfir greiðslur vegna jarðræktarlaga árin 1980—1983.

	1980 millj. kr.	1981 millj. kr.	1982 millj. kr.	Áætlun 1983 millj. kr.
<b>I. Jarðabótaframlög í fjárlögum:</b>				
a. Samkvæmt jarðræktarlögum frá 1979 áttu framlög að vera .....	22.13	34.83	52.24	81.17 1)
b. Framlög samkvæmt fjárlögum voru .....	22.00	33.00	44.82	59.67
<hr/>				
c. Vöntun á fjárlögum til að jarðræktarlögum frá 1979 væri fylgt .....	0.13	1.83	7.42	21.56
<b>II. Reiknuð jarðabótaframlög án og með breytingum á jarðræktarlögum 1979:</b>				
a. Framlög eins og þau hefðu orðið án breytinga á jarðræktarlögum 1979 .....	17.32	26.51	43.54	67.49 2)
b. Framlög eins og þau urðu með skerðingu samkv. lagabreytingu 1979 .....	17.04	23.75	40.74	63.15 2)
<hr/>				
c. Mismunur .....	0.28	2.76	2.80	4.34
<b>III. Sparnaðarfé til sérstakra viðfangsefna eins og það hefði orðið ef jarðræktarlögum frá 1979 hefði verið fylgt:</b>				
a. Til orðið vegna skerðingarákvæða jarðræktarlaga frá 1979 (sbr. II c) .....	0.28	2.76	2.80	4.34
b. Til orðið vegna samdráttar í framkvæmdum (mismunur á I a og II a) .....	4.81	8.32	8.70	13.68
<hr/>				
c. Sparnaðarfé átti samtals að vera .....	5.09	11.08	11.50	18.02
<b>IV. Raunverulegar greiðslur til sérstakra viðfangsefna:</b>				
a. Sparnaðarfé átti að vera (sbr. III c) .....	5.09	11.08	11.50	
b. Sparnaðarfé, sem var greitt .....	4.96	7.60	5.24	
<hr/>				
c. Mismunur .....	0.13	3.48	6.26	

Allar upphæðir eru í nýkrónum (einnig 1980). Árið 1981 var grænófóðurframlag skert en hin árin ekki. Árið 1982 var öll fjárlagaupphæðin greidd og auk þess 1.32 millj. kr. aukafjárveiting.

- 1) Áætluð hækkun jarðabótavísitölu um 55%.
- 2) Áætlaðar óbreyttar framkvæmdir en jarðabótavísitala hækki um 55%.

Reykjavík, 9. nóvember 1982.  
Óttar Geirsson, jarðræktarráðunautur.